

214. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 6. MARS 2014 KL. 13:00

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík.

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Kirkjuþing, dagskrá kirkjuþings lögð fram til kynningar.
3. Nefnd um sóknargjöld.
4. Skálholt.
 - a) Bráðabirgðarekstraryfirlit 2013, sundurliðað niður á afkomueiningar.
 - b) Ályktun oddvitanevndar uppsveita Árnassýslu.
 - c) Erindi frá Rannveigu Pálsdóttur, hlutverk og framtíðarsýn Skáholts.
 - d) Staða mála vegna útleigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholti.
5. Umræðuhefð forystufólks kirkjunnar í fjölmiðlum.
6. Fasteignir.
 - a) Erindi frá fasteignanevnd.
 - b) Ránargata 1, Grindavík - gagntilboð.
 - c) Lóðareigusamningur milli Saurbæjar og Kalastaða.
7. Fjármál.
 - a) Auglýsingar sóknarprests- og prestsembætta.
 - b) Fjárhagsáætlun vegna prestsþjónustu í Svíþjóð og Danmörku.
 - c) Fundargerð fjármálahóps.
8. Skýrsla nefndar um fjármál kirkjunnar.
9. Fundarsköp kirkjuráðs og umræðuhefð í kirkjuráði.
10. Önnur mál.
 - a) Úrsagnir úr þjóðkirkjunni.
 - b) Erindi frá Seljasókn, niðurskurður prestsembættis.
 - c) Húsnæði Biskupsstofu, staða mála.
 - d) Félagatal þjóðkirkjunnar, staða mála.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 13. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, sat fundinn þegar rætt var um málefni kirkjuþings. Séra Gísli Jónasson, prófastur, sat fundinn undir þriðja dagskrárlið. Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sat fundinn þegar rætt var um málefni Skálholts, sem og undir fimmta dagskrárlið. Birna G. Konráðsdóttir sat fundinn þegar skýrsla um fjármál kirkjunnar var til umræðu.

Fundurinn hófst á ritningarlestri og bæn.

Fundargerð kirkjuráðsfundar 213 var samþykkt.

2. KIRKJUÞING 2013

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, gerði grein fyrir dagskrá kirkjuþings 2013, sem verður framhaldið í Seljakirkju á morgun, föstudaginn 7. mars.

Kirkjuráð samþykkti breytingar á tveimur framkomnum málum kirkjuþings, annars vegar máli 33/2013 sem biskup flytur, og hins vegar máli 34/2013 sem kirkjuráð flytur og samþykkti að óska eftir heimild forsætisnefndar að flytja málin með þeim breytingum á kirkjuþingi.

Forsætisnefnd kirkjuþings mun taka beiðnina fyrir og leggja hana fyrir kirkjuþing.

3. NEFND UM SÓKNARGJÖLD

Séra Gísli Jónasson, prófastur og fulltrúi þjóðkirkjunnar í nefnd innanríkisráðherra, um endurskoðun sóknargjalda, greindi kirkjuráði, frá starfi nefndarinnar.

4. SKÁLHOLT

a) Bráðabirgðarekstraryfirlit 2013, sundurliðað niður á afkomueiningar.

Fjármálastjóri lagði fram bráðabirgðarekstraryfirlit fyrir Skálholt vegna ársins 2013. Ekki eru forsendur, að svo stöddu, til að leggja fram fjárhagsáætlun Skálholts 2014, en hún verður tekin fyrir á fundi kirkjuráðs í maí nk.

Kirkjuráð samþykkti að kostnaðarhlutdeild í launum fyrrum biskupsritara á Biskupsstofu verði ekki færð til gjalda í kostnaðarreikningi Skálholts eða Fjölskylduþjónustu kirkjunnar

þrátt fyrir bókun kirkjuráðs frá 14. desember 2012, og vill með því styðja rekstrargrundvöll Skálholts og Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.

b) Ályktun oddvitaneftndar uppsveita Árnæssýslu, dagsett 13. febrúar 2014, lögð fram til kynningar.

c) Erindi frá Rannveigu Pálsdóttur, dagsett 12. febrúar 2014, lagt fram til kynningar.

d) Staða mála vegna útleigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholti.

Framkvæmdastjóri kynnti feril málsins hjá Ríkiskaupum. Einnig voru kynntar þær fyrirspurnir sem borist hafa og þau svör sem gefin hafa verið. Skoðunarferð er fyrirhuguð í Skálholt með Ríkiskaupum og áhugasömum þriðjudaginn 11. mars nk.

5. UMRÆÐUHEFÐ FORYSTUFÓLKS KIRKJUNNAR Í FJÖLMIÐLUM

Séra Gunnlaugur Stefánsson fjallaði um umfjöllun forystufólks kirkjunnar í fjölmiðlum. Umræða um málið.

6. FASTEIGNIR

a) Erindi frá fasteignanefnd, lagt fram til kynningar, þar sem kynnt var erindi frá kjarafulltrúa Prestafélags Íslands sem óskar eftir því að fasteignanefnd skoði hvort hægt sé að breyta viðmiði vegna leigugjalds af prestsetrum. Kirkjuráð hafnaði erindinu því að þær hækkarir sem orðið hafa á leigu eru í samræmi við núgildandi starfsreglur. Ef breyta á viðmiðum fyrir húsaleigu á prestssetrum verður kirkjuþing að breyta starfsreglum.

b) Ránargata 1, Grindavík.

Framkvæmdastjóri kynnti undirritað gagntilboð, í Ránargötu 1 í Grindavík, dagsett 21. febrúar 2014. Kirkjuráð samþykkti gagntilboðið.

c) Lóðarleigusamningur milli Saurbæjar og Kalastaða.

Lóðarleigusamningur vegna lands í Saurbæ lagður fram til kynningar og með beiðni um samþykkt kirkjuráðs. Um er að ræða leigusamning fasteignanefndar þjóðkirkjunnar og sóknarprests Saurbæjarprestakalls annars vegar og eigenda aðliggjandi jarðar, Kalastaða hins vegar, um landsspildu úr landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar, Hvalfjarðarsveit. Samningurinn er til 35 ára. Fasteignanefnd þjóðkirkjunnar samþykkti samninginn á fundi sínum þann 24. ágúst 2011 sbr. bókun í fundargerð og sóknarprestur er samþykkur honum. Samkvæmt 4. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, þarf kirkjuráð að samþykkja samninga um fasteignir sem eru til lengri tíma en fimm ára.

Kirkjuráð samþykkti lóðarleigusamninginn, eins og hann var kynntur á fundinum. Sviðsstjóra fasteignasviðs var falið ganga frá samningnum.

7. FJÁRMÁL

- a) Auglýsingar sóknarprests- og prestsembætta.
Biskup lagði fram til kynningar lista yfir fyrirhugaðar auglýsingar prestsembætta.
- b) Prestsþjónusta í Svíþjóð og Danmörku.
Fjármálastjóri og séra Gísli Gunnarsson, kynntu fjárhagsáætlun við stofnun hálfes prestsembættis í Svíþjóð og Danmörku.
Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálastjóra og nefnd kirkjuþings um hvernig efla megi kirkjustarf og auka prestsþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og í Svíþjóð, að vinna málið áfram.
- c) Fundargerð fjármálahóps.
Séra Gísli Gunnarsson gerði grein fyrir tillögu fjármálahóps kirkjuráðs, um samningsmarkmið í fyrirhuguðum tvíhliða viðræðum ríkis og kirkju um kirkjujarðasamkomulagið. Kirkjuráð mun vinna málið áfram.

8. SKÝRSLA UM FJÁRMÁL KIRKJUNNAR

Formaður nefndar kirkjuþings um endurskoðun á fjármálum kirkjunnar, Birna G. Konráðsdóttir, lagði fram drög að skýrslu um fjármál kirkjunnar og gerði grein fyrir henni.

Formaður nefndinnar óskaði eftir því, f.h. nefndinnar, að drögum að skýrslu verði dreift sem trúnaðarmáli, til kirkjuþingsmanna, fyrir fundi kirkjuþings sem boðaðir hafa verið á morgun, föstudaginn 7. mars.

Stefnt er að því að nefndin skili kirkjuráði endanlegri skýrslu í apríl.

9. FUNDARSKÖP KIRKJURÁÐS OG UMRÆÐUHEFÐ Í KIRKJURÁÐI

Katrín Ásgrímsdóttir fjallaði um fundarsköp kirkjuráðs og umræðuhefð kirkjuráðs. Reglur um fundi kirkjuráðs frá 26. september 2001 voru lagðar fram til umræðu. Biskup mun skoða málið nánar.

10. ÖNNUR MÁL

- a) Úrsagnir úr þjóðkirkjunni.
Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir úrsagnir fólks úr þjóðkirkjunni fyrir árið 2013 og janúar–febrúar 2014, sundurliðað eftir mánuðum.
- b) Erindi frá Seljasókn, dagsett 12. febrúar 2014, lagt fram til kynningar.
- c) Húsnæði Biskupsstofu.
Fyrirspurn frá Katrínu Ásgrímsdóttur um húsnæði Biskupsstofu. Rætt var um hvers konar húsnæði væri heppilegast fyrir starfsemi Biskupsstofu. Málið er í vinnslu á fasteignasviði Biskupsstofu.

d) Félagsmannatal þjóðkirkjunnar.

Fyrirspurn frá Katrínu Ásgrímsdóttur um stöðu mála varðandi félagsmannatal þjóðkirkjunnar. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála. Félagsmannatalið er orðið að veruleika í grunnmynd sem listi yfir kennitölur sem fylgir breytingum á þjóðskrá. Hægt er að skrá ítarupplýsingar s.s. netföng og símanúmer félagsmanna. Í dag er slík skráning þó takmörkuð við þá sem starfa innan kirkjunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu 9. apríl nk. kl. 9

Agnes M. Sigurðardóttir,
Biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari